

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Sveitarfélaginu Árborg.

#### *Þykkvaflöt 3-9, deiliskipulagsbreyting.*

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkti á fundi sínum 1. desember 2021, tillögu að deiliskipulagsbreytingu við Þykkvaflöt 3-9 á Eyrarbakka. Breytingin felst í því að einbýlishúsalóðirnar Þykkvaflöt 3, 5, 7 og 9 verða sameinaðar í þrjár parhúsalóðir þar sem heimilt verður að byggja 2 íbúðir á einni hæð á hvorri lóð.

#### *Þykkvaflöt, deiliskipulagsbreyting við Hulduhól.*

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkti á fundi sínum 16. febrúar 2022, tillögu að óverulegri breytingu á gildandi deiliskipulagi Hulduhóls á Eyrarbakka. Breytingin felst í að Þykkvaflöt 9 er færð út fyrir afmörkunarsvæði deiliskipulags.

#### *Nýibær, deiliskipulagsbreyting.*

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkti á fundi sínum 9. júní 2021, tillögu að deiliskipulagsbreytingu að Nýjabæ. Breytingin felst í að lóðum undir íbúðarhúsnæði er fjölgað um 5 og verða því samtals 9. Skilmálum gildandi deiliskipulags er lítillega breytt og samræmt við þá uppbyggingu sem nú þegar hefur átt sér stað.

#### *Eyravegur 26-30, deiliskipulagsbreyting.*

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkti á fundi sínum 19. janúar 2022, tillögu að deiliskipulagsbreytingu að Eyravegi 26-30. Í tillögunni er gert ráð fyrir að byggðar verði tvær hæðir til viðbótar ofan á núverandi hús á lóð nr. 26 og þar verði 35 litlar íbúðir. Íbúðum mun fjölga um 16 og verða samtals 51. Á lóð nr. 28-30 er gert ráð fyrir að muni rísa fjölbýlishús á 4 hæðum með allt að 54 íbúðum, auk heimildar fyrir verslun og þjónustu í kjallara.

Ofangreindar skipulagstillögur hafa hlotið meðferð samkvæmt 41. og 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Tillögurnar öðlast þegar gildi.

*Selfossi, 25. febrúar 2022.*

F.h. bæjarstjórnar,

**Anton Kári Halldórsson** skipulagsfulltrúi.